

MÁ EKNU SÍGILÆTNA

VESTFJARDALÍNA

PVERANIR Á GILSFIRDI OG PORSKAFIRBI

JARÐSVEIFLUMELINGAR

OS-RÖD-7724

UNNID FYRIR
RAFLINUNEFND
DES 1977

ORKUSTOFNUN
Raforkudeild
1977.06.23.

Raflínunefnd
Vestfjarðalína, þveranir á Gilsfirði
og Þorskafirði, Jarðsveiflumælingar.
BJ/vp

Í september 1976 voru gerðar jarðsveiflumælingar (seismic refraction) á leirum í Gilsfirði og Þorskafirði vegna væntanlegrar Vestfjarðalinu. Mælingarnar gerðu tveir starfsmenn Raforkudeilda, þeir Sveinn Þorgrímsson og Jósef Hólmjárn í samráði við undirritaðan og á vegum Raflínunefndar.

GILSFJÖRÐUR

Blágrýtislögunum við utanverðan Gilsfjörð hallar til SA eins og sést vel í Króksfjarðarnesi og skerjunum þar út af. Eyjarnar á miðjum Gilsfirði, Garpsdalsey og Eyjarbarn eru sennilega úr sama blágrýtisluginu og var ætlunin að kanna hvort bergþróskuldur myndaður úr þessu lagi stefndi í átt til Kaldrana á suðurströnd fjarðarins.

1)

Gerðar voru 4 mælingar, sem náðu um 800 m út á leirurnar, en þar sem ekki var alveg stórstreymt er þessu fór fram, þá var ekki unnt að komast lengra út á leirurnar. Staðsetning mælisniðanna er sýnd á mynd 1 og þversnið frá Kaldrana í átt til eyjanna er á mynd 2. Þar sézt að u.p.b. 20 m dýpi er niður á fast berg við Kaldrana og helzt þetta dýpi a.m.k. 800 m til NA eftir mælilínunni.

Ef um loftlinu verður að ræða yfir Gilsfjörð, verður að grunda flest stálmöstur línumnar á setinu sjálfu, þar sem vonlítið virðist að unnt sé að finna fast berg á nægilega litlu dýpi á leirunum út af Kaldrana. Þyrfti þá að taka sýni af setinu og finna kornastærð, rúmpyngd, þjópp-unareiginleika, burðarþol og sig (consolidation). Einnig mætti bæta við jarðsveiflumælingarnar með litlum tilkostnaði sé það gert samtímis og sýnatakan á setinu.

- 1) Í sept. 1977 var bætt við mælingum S-5 og S-6, sjá myndir 1 og 2.

Til þess að gera athuganir á sem auðveldastan hátt, er bezt að hafa grunnskreiðan bát og láta flæða undan honum úti á leirunum.


Sjómælingar Íslands hafa dýptarmælt snið yfir Gilsfjörð á nokkrum stöðum, m.a. frá Kaldrana um eyjarnar og til norðurlandsins. Kort með umræddum dýptarmælingum er fáanlegt hjá Sjómælingum.

DORSKAFJÖRÐUR

Blágrýtislögunum við Dorskafjörð hallar til SA eins og í Gilsfirði, svo sem sést á skerjunum niður af Kinnarstöðum. Er línuleiðin yfir fjörðinn þvert á hryggina, sem blágrýtislögin mynda. Staðsetning mælinganna er á mynd 3 og þversnið á mynd 4. Ekki var unnt að mæla lengra frá landi þar sem ekki var alveg stórstreymt.


Þó að grynnra sé niður á klöpp þar sem mælingarnar voru gerðar í Dorskafirði en í Gilsfirði, er þó um nokkra metra að ræða (sjá mynd 4) og því sennilegt að grunda þurfi möstur línunnar á setinu eins og í Gilsfirði. Þó er ef til vill möguleiki að finna einhvers staðar nálægt landi grunnt niður á fast í Dorskafirði á línuleiðinni, ef mælingar eru gerðar péttar og bátur er hafður við hendina.


Virðingarfyllst


Birgif Jónasson

MYND 1

VESTFJARDALÍNA
JARDSVEIFLUMELINGAR
I GILSFIRÐI





Mynd 2

Tölur eru hljóðhraði í km/sekk.

Laust vatnssósa set hefur hljóðhraða ≈ 1.5 km/sek.


Blágrýti hofur hljóðhraða 3-4 km/sek.

Onákvæmar staðsettningar á sprengipunktum

Dýpi á „klöpp”


Sprengipunktar

VESTFJARDALÍNA

JARÐSVEIFLUMÆLINGAR
I PORSKAFIRDI



Mynd 4



Ónákvæmar staðsettningar á sprengipunktum

▲ Dýpi á "klöpp"

X Sprengipunktar

Tölurnar eru hljóðhraði í km/sekk.